

Ár 2007, þriðjudaginn 26. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör rektors Háskóla Íslands

I.

Lög um kjararáð nr. 47/2006 tóku gildi 1. júlí 2006. Verkefni kjararáðs er meðal annars að ákveða laun og starfskjör ríkisstarfsmanna, sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Í lögnum er ekki kveðið nánar á um hverjir það eru, heldur er ráðinu sjálfu ætlað að skera úr um það til hverra ákvörðun þess um laun og starfskjör nái. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skulu allir þeir sem féllu undir úrskurðarvald Kjaradóms eða kjaranefndar samkvæmt lögum nr. 120/1992 þegar löggin um kjararáð tóku gildi, sæta ákvörðunum þriggja manna kjararáðs, þar til kjararáð hefur ákveðið nánar til hverra þessi háttur á ákvörðun kjara skuli framvegis ná. Ákvörðun launa og starfskjara rektors Háskóla Íslands heyrir undir kjararáð samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 22. október 2006 frá starfsmannastjóra Háskóla Íslands þar sem þess var óskað að ráðið endurskoðaði laun rektors Háskóla Íslands. Háskóli Íslands væri alþjóðlegur háskóli í örum vexti sem hefði margvíslegum skyldum að gegna við íslenskt samfélag. Á öllum meginfræðasviðum háskólans störfuðu vísinda- og fræðimenn sem sótt hefðu menntun sína til margra helstu háskóla heims og væru í fremstu röð á sínu sviði. Rannsóknarvirkni starfsmanna háskólans og tengdra stofnana hefði vaxið hratt, skráðir nemendur væru nú um 9.500 og stunduðu þeir nám á 286 námsleiðum innan flestra sviða vísinda og fræða, þ.e. félagsvísinda, heilbrigðisvísinda, hugvísinda, raunvísinda og verkfræði. Mikil gróska hefði verið í framhaldsnámi við skólann síðustu ár og hefði framhaldsnemum fjölgað úr 500 í 1600 á árunum 1999 til 2006. Á sama tíma hefði nemendum í doktorsnámi fjölgað hlutfallslega mest, úr 36 í 190. Háskólinn legði síaukna áherslu á alþjóðleg samskipti. Erlendum stúdentum hefði fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár og væru nú 650. Háskóli Íslands væri langstærsti háskóli landsins, bæði hvað varðaði fjölda nemenda og starfsmanna sem og fjölbreytni í námsleiðum. Við skólann störfuðu 900 fastráðnir starfsmenn og 1.700 lausráðnir starfsmenn. Til samanburðar væru nemendur þrefalt fleiri í Háskóla Íslands en Kennaraháskóla Íslands sem væri næststærsti ríkisháskóli landsins. Þrátt fyrir þetta væri lítill munur á launum rektors Háskóla Íslands og rektors Kennaraháskólans. Þá væru laun rektors Háskólans langt undir því sem gerðist í háskólum í landinu sem reknir væru sem sjálfseignarstofnanir.

Með bréfum dagsettum 5. desember 2006 var fjármálaráðuneytinu, menntaráðuneytinu og rektor Háskóla Íslands gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum vegna málsins. Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 14. desember 2006. Í bréfinu kom ekki fram afstaða til málsins. Í svari menntamálaráðuneytisins dagsettu 18. desember 2006 var tekið undir óskir um að launakjör rektors Háskóla Íslands yrðu tekin til endurskoðunar. Sagði í bréfinu að skólinn og starfsemi hans hefði vaxið ört með auknu námsframboði og fjölgun nemenda á meistara- og doktorsstigi. Samfara því hefðu alþjóðleg samskipti á rannsóknarsviðum skólans og nemenda- og kennaraskipti aukist. Athyglisvert væri að bera saman launakjör rektors Háskóla Íslands og annarra rektora hér á landi. Þótt að einhverju leyti

giltu ólík sjónamið um samanburð á launakjörum milli opinberra starfsmanna og starfsmanna á einkamarkaði, teldi ráðuneytið að sá mismunur sem væri á umræddum launakjörum sýndi glögglega óeðlilegan mun rektor Háskóla Íslands í óhag. Væri þá einkum haft í huga að umfang starfsemi, rannsóknna og kennslu í Háskóla Íslands væri ólíkt meira en í öðrum háskólum landsins.

Í bréfi rektors sem dagsett er 20. desember 2006 sagði að starf rektors Háskóla Íslands væri bæði mjög umfangsmikið og krefjandi. Háskóli Íslands væri langstærsti háskólinn á Íslandi, til dæmis hvað varðaði fjölda nemenda, breidd í námsframboði, erlend samskipti og fjárhagsleg umsvif. Samkvæmt lögum um Háskóla Íslands nr. 41/1999 væri háskólarektor yfirmaður stjórnáslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan. Rektor hefði jafnframt almennt eftirlit með allri starfsemi háskólans, þar með talið ráðningar- og fjármálum einstakra deilda og stofnana og bæri ábyrgð á fjármálum skólans í heild. Ábyrgð rektors Háskóla Íslands væri því afar mikil. Háskólinn væri ein stærsta stofnun landsins og starfaði nú eftir metnaðarfullri stefnu til ársins 2011, en hún hefði verið samþykkt af háskólafrundi og staðfest af háskólaráði í maí 2006. Samkvæmt stefnunni yrði unnið að markvissri sókn háskólans á næstu árum og myndi rektor stýra því starfi. Þessi sókn myndi hafa í för með sér verulega aukin umsvif skólans. Taldi rektor brýnt að launakjör hans yrðu endurskoðuð þannig að þau endurspegluðu þá ábyrgð sem fylgdi starfinu.

III.

Stjórn Háskóla Íslands er falin háskólaráði, háskólarektor og deildarfundum og deildarforsetum, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands. Í 1. mgr. 6. gr. laganna segir að háskólarektor sé yfirmaður stjórnáslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan. Hann hafi almennt eftirlit með allri starfsemi háskólans, þar með talið ráðningar- og fjármálum einstakra deilda og stofnana. Rektor eigi frumkvæði að því að háskólafrundir marki heildarstefnu í málefnum háskólans. Á milli funda háskólaráðs fari rektor í umboði þess með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans. Í 2. mgr. sömu greinar segir að rektor ráði starfslið sameiginlegrar stjórnáslu háskólans og setji því erindisbréf eða starfslýsingar. Í 3. mgr. segir að menntamálaráðherra skipi rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, að undangengnum almennum kosningum í háskólanum. Samkvæmt 4. mgr. má þann einan skipa í stöðu rektors sem lokið hefur æðri prófgráðu við háskóla og öðlast hefur stjórnunarreynslu. Þá er óheimilt að framlengja skipunartíma rektors án auglýsingar. Rektor er sjálfkjörinn í háskólaráð og er jafnframt forseti þess, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Í 10. gr. laganna segir að kjararáð skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður úrskurðað um laun rektors Háskóla Íslands. Kjaranefnd úrskurðaði síðast um laun hans 1. nóvember 2005. Háskóli Íslands er stærsti háskóli landsins og með stærstu stofnunum ríkisins. Háskólinn hefur vaxið mikið á undanförunum árum, nemendum hefur fjölgað, námsframboð hefur aukist, rannsóknir hafa aukist og nemendum í framhaldsnámi hefur fjölgað. Því er að mati kjararáðs tilefni til hækkunar á launum rektors. Með vísan til þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að gæta í starfskjörum þeim sem það ákveður, hefur ráðið ákveðið að laun rektors Háskóla Íslands skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2007 skulu mánaðarlaun rektors Háskóla Íslands vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 137 nú 694.965 krónur. Að auki skal greiða honum 38 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 130 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 5.462 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör rektors Háskóla Íslands gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Rannveig Sigurðardóttir